

**Nd.**

**83. Frumvarp**

til laga um breyt. á yfirsetakvennalögum, nr. 63, 19. maí 1930.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 4. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir. í samráði við yfirlækni fæðingardeildar landsspítalans, hver þau skuli vera.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

**G r e i n a r g e r ð .**

Í 11. gr. í lögum nr. 49, 4. júní 1924, um ljósmæðraskóla í Reykjavík, er ákveðið, að landssjóður kosti áhöld skipaðra yfirsetukvenna, en landlæknir ákveði, hver þau skuli vera.

Í frumv. um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands, sem nú liggur fyrir þinginu og allsherjarnefnd leggur til að verði samþykkt, er gert ráð fyrir, að þessi lög verði felld úr gildi.

Ákvæðið um ljósmæðraáhöldin má þó ekki missa sig. En með því að illa fer á, að það standi eitt eftir í lögum, sem heita ljósmæðraskólalög. og á illa við í hinum nýju fyrirhuguðu lögum um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla, er hér farið fram á, að það verði flutt yfir í yfirsetukvennalögin, þar sem það á bezt heima.